

X gegn Króatíu

Dómur frá 17. júlí 2008

Mál nr. 11223/04

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Börn. Ættleiðing. Málsmeðferð.

1. Málsatvik

Kærandi, X, er króatískur ríkisborgari, fædd 1972 og býr í Zagreb. Hún þjáist af geðklofa og hefur verið svipt lögræði. Málið snýst um að dóttir kæranda, A, sem fæddist í desember 1999, var ættleidd án vitneskju eða samþykkis kæranda. A var fyrst ráðstafað í föstur til móður kæranda þann 13. júlí 2000 samkvæmt þarlendum fjölskyldulögum frá 1998. Talið var að kærandi þjáðist af alvarlegum andlegum veikindum og ætti við fíkniefnavanda að stríða og væri því óhæf til að sjá um barnið. Þann 14. maí 2001 var kærandi svipt lögræði með dómsúrskurði á grundvelli andlegra veikinda hennar. Þótt það væri ekki tekið fram í úrskurðinum leiddi hann til þess, í samræmi við fjölskyldulögin, að hún var jafnframt svipt forsjá barns síns. Þar sem lögræðissvipt foreldri gat samkvæmt lögum ekki verið aðili að ættleiðingarmáli var ekki leitað samþykkis hennar. Kröfu kæranda um að verða aftur veitt lögræði var hafnað með úrskurði dóms 10 maí 2005 þar sem talið var að andleg veikindi hennar hefðu ágerst. Í millitíðinni, þ.e. 22. nóvember 2001, var dóttir kæranda, A, tekin í umsjá stjórnvalda þar sem kærandi, sem bjó hjá móður sinni, þótti trufla uppeldið á barninu. Í kjölfarið hófst ættleiðingarferli á þeim grundvelli að A væri munaðarlaus, þar sem móðir hennar hefði verið svipt lögræði og faðir hennar væri látinn. Króatíska ríkið hélt því fram að kærandi hefði verið upplýst um ferlið í gegnum síma þann 26. ágúst 2003. Þann 2. september 2003 var ættleiðing á A heimiluð.

Kærandi hafði umgengnisrétt við barnið fram að ættleiðingunni og heimsótti A reglulega.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kvörtun kæranda laut að því að dóttir hennar hafi verið ættleidd án hennar vitneskju eða samþykkis og að hún hafi ekki fengið að taka þátt í þeirri málsmeðferð. Hún hélt því einnig fram að hún hefði verið slitin úr tengslum við dóttur sína án þess að hún hafi verið forsjárrétti sínum sem foreldri. Hún hélt því fram að með þessu hefði verið brotið gegn réttindum hennar samkvæmt 8. gr., 1. mgr. 6. gr. og 13. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 8. gr.: Dómstóllinn tók fram að A hafði búið hjá móður sinni frá fæðingu í desember 1999 þar til henni var ráðstafað í föstur í nóvember 2001 og jafnvel eftir þann tíma hafi kærandi haldið áfram að heimsækja dóttur sína. Á þeim tíma höfðu því verið tiltekin tengsl á milli kæranda og A sem teldust til fjölskyldulífs. Enginn vafi væri á því að ættleiðingin hefði með öllu rofið tengsl kæranda við dóttur sína og það teldist til mjög alvarlegra afskipta af rétti hennar til fjölskyldulífs. Afskiptin hefðu verið byggð á landslögum og stefnt að því lögmæta markmiði að vernda hagsmuni barnsins.

Aldrei hefði verið lagt mat á samband kæranda við dóttur hennar þótt afleiðing þess að vera svipt lögræði sú að kæranda væri meinuð öll þátttaka í ættleiðingarferlinu. Þá hafði engin sérstök ákvörðun verið tekin varðandi réttindi kæranda sem foreldris. Hún hafði engu að síður að einhverju marki haldið áfram eftir að hún var svipt lögræði, að nýta sér rétt til umgengni við barnið. Kæranda hafði ekki verið heimiluð nein þátttaka í málsmeðferðinni fyrir utan eitt símtal. Dómstóllinn taldi erfitt að fallast á að þó einhver hefði verið sviptur lögræði sínu þá leiddi það sjálfvirk til þess að viðkomandi gæti ekki á neinn hátt tekið þátt í ættleiðingarferli sem varðaði barn þess. Dómstóllinn taldi að í staðinn fyrir að upplýsa kæranda stuttlega um ákvörðunina hefði hún átt að fá tækifæri til að tjá viðhorf sín til mögulegrar ættleiðingar. Dómstóllinn taldi að kærandi hefði ekki verið veitt nægilegur kostur á þátttöku í málsmeðferðinni, sérstaklega í ljósi þeirra miklu afleiðinga sem ákvörðunin hefði

fyrir samband kæranda við dóttur sína. Dómstóllinn komst því einróma að þeirri niðurstöðu að útilokun kæranda frá þátttöku í málsmeðferð þeirra þar sem ættleiðing á dóttur hennar var til umfjöllunar hefði leitt til þess að króatíska ríkið hefði brugðist kæranda í að tryggja henni réttindi hennar samkvæmt 8. gr. sáttmálans um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.

Um 1. mgr. 6. gr. og 13. gr.: Dómstóllinn taldi ekki ástæðu til að kanna atriði tengd 1. mgr. 6. gr. og 13. gr.

Kæranda voru dæmdar 8.000 evrur í miskabætur samkvæmt 41. gr. sáttmálans